

Fagráð í nautgriparækt – Fundur 10. ágúst 2009 Kl: 13:00 í Norðursal BÍ

Mættir:

Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt

Guðný Helga Björnsdóttir, LK - Formaður fagráðs

Svana Halldórsdóttir, BÍ

Þórarinn Leifsson, LK

Magnús B. Jónsdóttir, BÍ

Sigurður Loftsson, LK

Aðrir fagráðsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt

Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir, BÍ – ritari fagráðs

Gunnar Guðmundsson, BÍ

Baldur Helgi Benjamínsson, LK

Gretar Hrafn Harðarsson, LBHÍ

Þorsteinn Ólafsson, MAST

Einar Matthíasson, SAM

Bragi Líndal Ólafsson, LBHÍ

Fundur settur kl 13:00.

1. Umsókn frá Bændasamtökum Íslands vegna skýrsluhaldskerfisins HUPPU.

Tekin var fyrir umsókn Bændasamtaka Íslands um 7,1 milljónir króna í þróunarfé nautgriparæktarinnar til áframhaldandi þróunar á skýrsluhaldskerfinu HUPPU. Umsóknin hefur áður verið rædd í tölvupósti en ekki afgreidd. Ljóst er að verði 7,1 milljón veitt í verkefnið mun þróunarfé til ráðstöfunar árið 2009 klárast að mestu og rætt er um hvort rétt sé að tæma sjóðinn að svo komnu. Einnig eru gerðar athugasemdir við uppsetningu umsóknarinnar þar sem gert er ráð fyrir að 3,1 milljón af heildarupphæð séu samsvarandi notendagjöldum fyrir HUPPU, því ekki sé rétt að greiða notendagjöld fyrir skýrsluhaldskerfi sem þetta úr þróunarfé nautgriparæktarinnar. Nautgriparæktarráðunautar gera grein fyrir hvað liggi á bak við upphæð sem sótt er um því að þetta fé muni í raun allt nýtast til þróunar kerfisins. Umsóknin sé formuð með hliðsjón af rekstri annarra tölvukerfa tölvudeilar þar sem þróunarfé hefur verið nýtt til að greiða notendagjöld, t.d. í Fjárvís. Hér sé sótt um fé til þess sem samsvarar 7 mánaða aðkeyptri vinnu við forritun árið 2009. Umræður spinnast um form umsókna og hvort búast megi við áframhaldandi umsóknum vegna skýrsluhaldskerfisins og hvenær vinnu við það ljúki. Menn sammála um að veita fé til verksins og nokkrar tillögur koma fram hvað það varðar.

Fagráð ákveður að veita skuli 5 milljónir ISK til þróunar á skýrsluhaldsforritinu HUPPU, með því skuli tryggja að vinna við forritun geti haldið áfram út september en þá mun fagráð hittast aftur og fara yfir hvort ráðrúm sé til að veita frekara fé til verksins.

2. Samþykki og birting fundargerða fagráðs.

Ekki hafa verið skýrar reglur eða venjur hvað samþykki og birtingu fundargerða varðar. Samþykkt að fundargerðir verði sendar út á tölvupósti til fundarmanna og komi ekki athugasemdir innan tiltekins tíma sé litið á það sem samþykki fyrir fundargerð. Fundargerðir skulu síðan birtar 2-3 vikum eftir fund

3. Skipan ræktunarhóps.

Fyrirspurn kom fram vegna skipunar ræktunarhóps, en það mál hefur áður verið tekið upp og ekki fengist niðurstaða. Nautgriparæktarráðunautur kveður málið vera á sínu borði og mun hann sjá um að koma því á rekspól.

4. Útivist nautgripa tekin til umræðu.

Fyrir fund höfðu gögn frá Unnsteini Snorra Snorrasyni verið send fagraði, en þar var um að ræða samantekt á íslensku aðbúnaðarreglugerðinni og þeim anmörkum sem á henni eru. Einnig fylgdu gögn um samsvarandi reglugerðir í nágrannalöndunum. Rætt var það frumkvæði sem MAST hefur tekið varðandi útivist nautgripa og kom fram nokkur gagnrýni á hvernig að því hafi verið staðið. Fagraðsmenn voru hinsvegar sammála um mikilvægi þess að nautgripum sé tryggð eðlileg útivist, en jafnframt áréttuð nauðsyn þess að þetta sé gert í samvinnu MAST, leiðbeiningaþjónustunnar og bænda. Eins kom fram að núverandi reglugerð um aðbúnað nautgripa er mjög óljós hvað þetta varðar. Þorsteinn Ólafsson gerði stuttlega grein fyrir sjónarmiðum Matvælastofnunar og að þar hafi menn ekki viljað láta sumarið líða án aðgerða.

Fagrað ályktar að “nauðsynlegt sé að gera endurbætur á reglugerð um aðbúnað nautgripa þannig að kröfur um útivist nautgripa séu skýrar og eftirlit sé markvisst og eðlilegt”.

Öðrum málum frestað til næsta fundar sem ákveðin er þriðjudaginn 6. október 2009 kl: 13:00.

11.08.2009
/GEH